

en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. l. nr. 22, 1955.

Ákærði greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá 28. nóvember 1982 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1984.

Nr. 212/1984. **Ellert Guðmundsson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands

Jóni Sólmundssyni

Kaupfélagi Borgfirðinga

Lífeyrissjóði Sóknar

Sverri Vilhjálmssyni

sveitarsjóði Staðarsveitar

Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur og

Jóhannesi Árnasyni sýslumanni

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. f.m., sem barst Hæstarétti 25. s.m.

Frá sóknaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð. Verður að skýra kæru hans svo, að hann krefjist þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekt.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent kröfur né greinargerð.

Enda þótt sóknaraðili, sem er ólöglærður, hafi, hvorki er hann mætti á uppboðsþingi 26. september 1984 né síðar, haft uppi neinar ákveðnar kröfur eða mótmæli varðandi sölu jarðarinnar Barðastaða á nauðungaruppboði, verður þó að ætla, að með því að mæta í uppboðsréttinum og leggja fram þann leigusamning, sem greindur er í hinum kærða úrskurði, hafi hann viljað gerast aðili uppboðsins í því skyni að vernda réttindi, sem hann telji sér veitt með samningi þessum, sbr. 8. gr. laga nr. 57/1949.

Ekki eru fram komin nein haldbær rök fyrir kröfum sóknaraðilja um að uppboðshaldari víki sæti í máli þessu samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 11. október 1984.

Í þinghaldi í máli þessu, er fram fór í gær, miðvikudaginn 10. október 1984, á sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi, var mættur Ellert Guðmundsson, Barðastöðum, Staðarsveit, og gerði kröfu til þess, að hinn reglulegi uppboðshaldari, Jóhannes Árnason sýslumaður, viki sæti í málinu.

Málavextir eru þessir:

Að framkomnum uppboðsbeiðnum frá Búnaðarbanka Íslands, Inga Ingi-mundarsyni hrl., sveitarsjóði Staðarsveitar, Ásgeiri Thoroddsen hdl., Sigurði I. Halldórssyni hdl. og Guðjóni Á. Jónssyni hdl. var auglýst uppboð á jörðinni Barðastöðum í Staðarsveit á venjulegan hátt í Lögbirtinga-blaði, dagblöðum og útvarpi. Uppboðsmálið var þingfest á uppboðsþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háð var á skrifstofu embættisins í Stykkishólmi 13. júní 1984. Málinu var þá frestað til uppboðssölu, sem fram fór á eigninni sjálfri 6. júlí s.á., en þá kom fram krafa um, að annað og síðasta uppboð á eigninni færi fram síðar. Í þinghaldi 10. september 1984 var ákveðið, að annað og síðasta uppboð færi fram 26. sama mánaðar. Í þinghaldi þann dag, sem fram fór á eigninni sjálfri, var mættur áður-nefndur Ellert Guðmundsson og lagði fram leigusamning um jörðina, dags. 1. júlí 1984, þar sem uppboðspoli, Guðrún Jóna Halldórsdóttir, þinglýstur eigandi Barðastaða, leigir honum jörðina til 25. ára frá dagsetningu leigu-

samningsins. Af hálfu uppboðsbeiðanda var gildi leigusamnings þessa þá þegar mótmælt, og gerði mætti Ellert þá kröfu til þess að fá að leggja fram greinargerð og gögn varðandi gildi samningsins. Aðiljar voru sammála um, að tilkoma samnings þessa hindraði ekki framgang uppboðsins og þrátt fyrir ágreining um gildi hans, færi uppboðið fram, en ágreiningsefni þar að lútandi yrði ráðið til lykta með úrskurði réttarins, áður en uppboðsafsal yrði gefið út. Uppboðið fór síðan fram, og uppboðshaldari tók sér tilskilinn 14 daga frest til að taka afstöðu til framkominna boða samkvæmt uppboðsskilmálum.

Með símskeyti til Ellerts Guðmundssonar, Barðastöðum, dags. 1. október 1984, áréttar sýslumaður frest til greinargerðar og gagnasöfnunar vegna framkomins leigusamnings, og er frestur veittur til kl. 14.00 hinn 10. október 1984.

Í þinghaldi þann dag lagði Ellert Guðmundsson fram svofellda bókun: „Ég undirritaður, Ellert Guðmundsson, geri hér með kröfu um að Jóhannes Árnason, sýslumaður, víki sæti viðkomandi leigusamningi mínum við Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur um Barðastaði vegna framkominna kæru frá mér Ellert og Guðrúnu Jónu, sem framlagðar voru hjá ríkissaksóknara 2. október 1984. Óska ég eftir úrskurði réttarins um þetta atriði.

Stykkishólmi 10. okt. 1984.

Ellert Guðmundsson“

Í þinghaldi þessu lagði Ellert hvorki fram greinargerð né gögn varðandi gildi leigusamningsins, sem fresturinn var þó veittur til.

Ástæður þess, að sýslumaður skuli víkja sæti við úrlausn um gildi leigusamningsins, tilfærir Ellert þær, að hann og Guðrún Jóna Halldórsdóttir hafi hinn 2. október 1984 lagt fram kærur hjá ríkissaksóknara á hendur sýslumanni. Sýndi hann afrit af kærunum. Kærur þessar varða hvarf á 67 fuglum í varpi og að sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafi gerst offari í starfi og ennfremur að kærandi Ellert, hafi sætt ólögmætri handtöku og ólögmætri upptöku á haglabyssu.

Ekki verður séð, að kæruatriði þessi, sem eru alls óskyld uppboðsmálinu, geri sýslumann á nokkurn hátt vanhæfan til þess að fjalla endanlega um framangreint uppboðsmál, hvorki til þess að úrskurða um leigusamninginn, ef til kemur, né semja úthlutunargerð og gefa út uppboðsafsal fyrir hinni seldu eign, en þess er ekki krafist, að uppboðshaldari víki sæti við meðferð málsins að öðru leyti en varðandi umræddan leigusamning. Í málinu hafa enn engar kröfur komið fram varðandi samninginn, hvorki á hendur aðiljum uppboðsmálsins né uppboðshaldara.

Framangreindri kröfu um, að sýslumaður, Jóhannes Árnason, víki sæti í uppboðsmáli þessu er því synjað með vísun til framanritaðs.

Því úrskurðast:

Hinn reglulegi uppboðshaldari í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Jóhannes Árnason, vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1984.

Nr. 113/1983. **Matthías Einarsson og**

Mercury h/f

gegn

Hermanni Björgvinssyni

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt í gær, kröfðust áfrýjendur þess, að það yrði fellt niður.

Stefndi samþykkti niðurfellingu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjendur, Matthías Einarsson og Mercury h/f, greiði stefnda, Hermanni Björgvinssyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
